

## Umsögn Dalabyggð - Laxárdalsvegur

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>  
Frá : Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>  
Heiti : Umsögn Dalabyggð - Laxárdalsvegur  
Málsnúmer : 202112064  
Málsaðili : Vegagerðin  
Skráð dags : 18.02.2022 00:00:00  
Höfundur : Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>  
Viðhengi image001.jpg

Góðan dag.

Á 123. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar 17.02.2022 var eftirfarandi afgreitt og fært í fundargerð, dagskrárliður 3:

### 2201029 - Umsögn um uppbyggingu Laxárdalsvegur

*Vegagerðin hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttekin 14. janúar 2022, um uppbyggingu Laxárdalsvegur skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 óskar Skipulagsstofnun eftir að Dalabyggð gefi umsögn um framkvæmdina.*

*Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Dalabyggð telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Dalabyggð telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.*

*Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.*

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum nr. 111/2021. Nefndin telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Ekki er þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sveitarfélagið er leyfisveitandi þegar kemur að byggingar- og framkvæmdaleyfum og fer með skipulagsvald á svæðinu.

Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju,

**Kristján Sturluson**

Sveitarstjóri Dalabyggðar

s: +354 4304700

Netfang / email: [sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)

[www.dalir.is](http://www.dalir.is)



---

Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Öll önnur notkun er óheimil og visast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

---

---

**From:** Þórdís Stella Erlingsdóttir

**Sent:** 14.01.2022 12:22:51

**To:** Dalir

**Subject:** Laxárdalsvegur

Góðan dag,

Vegagerðin hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttekin 14. janúar 2022

, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021

er hér með óskað eftir að Dalabyggð gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Dalabyggð

telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun ef Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Dalabyggð

telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila er meðfylgjandi.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 14. febrúar 2022 á tölvupóstföngin:

[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

Með kveðju,

---

**Þórdís Stella Erlingsdóttir**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)





# Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Vegagerðin  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Suðurhrauni 3  
210 Garðabæ

24. janúar 2022

## LAXÁRDALSVEGUR (59) Í DALABYGGÐ OG HÚNAPINGI VESTRA

Vísað er í tölvupóst Skipulagsstofnunar dagsettur 14. janúar 2022 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlitsins um ofangreinda framkvæmd í Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir viðauka IV, mgr. 112 er vinnsla jarðefna starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd, jafnframt er vísað í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnaeftirlit, viðauka X mgr. 2,1 er steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fylliefnum starfsleyfisskyld starfsemi. Heilbrigðiseftirlitið bendið því á að námur sem nýttar verða í tengslum við framkvæmda falla undir starfsleyfisskyldu.

Að öðru leiti telur Heilbrigðiseftirlitið að nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum.

Heilbrigðiseftirlitið telur ekki þörf að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í

2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Narfason,  
framkvæmdastjóri.

## Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands - Laxárdalsvegur

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>; Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>  
Frá : Sigurjón Þórðarson <sigurjon@hnv.is>  
CC : Sigríður Hjaltadóttir <sigridur@hnv.is>  
Heiti : Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands - Laxárdalsvegur  
Málsnúmer : 202112064  
Málsaðili : Vegagerðin  
Skráð dags : 18.02.2022 00:00:00  
Höfundur : Sigurjón Þórðarson <sigurjon@hnv.is>  
Viðhengi image001.jpg

Sauðárkróki, 18. 2. 2022

### Skipulagsstofnun Þórdís Stella Erlingsdóttir

Heilbrigðiseftirlitið hefur farið yfir greinargerð vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Laxárdalsvegi sbr. neðangreint erindi dags. 14. janúar sl. Það sem helst skortir á greinargerðina, er að fá umfjöllun um hvort röskun á landi eða efnisnám hafi áhrif á vatnsvernd þ.e. brunnsvæði, nærsvæði eða fjarsvæði vatnsbóla.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra telur nægjanlega vel gerð grein fyrir framkvæmdinni og telur jafnframt að framkvæmdin kalli ekki á umhverfismat.

Í greinargerð segir frá því að heilbrigðisnefnd veiti starfsleyfi fyrir tímabundna aðstöðu, t.d. verktakaaðstöðu og starfsmannabúðir. Vakin er athygli á því að samkvæmt reglugerð 550/2018, viðauka X, þá ber að sækja um starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, þ.m.t. malar-, vikur- og grjótnám sbr. 2.6. Ekki eru nein stærðarmörk á námum nefndar í fyrrgreindri reglugerð, en á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eru stórar námur skilgreindar sem efnistaka raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri.

Með kveðju  
Sigurjón Þórðarson  
heilbrigðisfulltrúi

---

Frá: hnv@hnv

Sent: mánudagur, 17. janúar 2022 08:14

Til: Sigurjón Þórðarson

Efni: Fs: Laxárdalsvegur

---

**Frá:** Þórdís Stella Erlingsdóttir  
**Sent:** föstudagur, 14. janúar 2022 12:29  
**Til:** hnv@hmv  
**Efni:** FW: Laxárdalsvegur

Góðan dag,

Það gleymdist að hengja við greinagerðina, er hún meðfylgjandi.

Kveðja,

---

**Þórdís Stella Erlingsdóttir**  
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is  
www.skipulag.is  
www.facebook.com/skipulagsstofnun



---

**From:** Þórdís Stella Erlingsdóttir  
**Sent:** föstudagur, 14. janúar 2022 12:27  
**To:** hnv@hmv.is  
**Subject:** Laxárdalsvegur

Góðan dag,

Vegagerðin hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 14. janúar 2022, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra veiti umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun ef Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila er meðfylgjandi.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 14. febrúar 2022 á tölvupóstföngin: [thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

Með kveðju,

---

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)





FISKISTOFA

TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 · fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Skipulagsstofnun  
Dórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 14 feb. 2022
Málnr.

Hafnarfjörður 10. febrúar 2022

Tilv. 2022-01-17-1142/2.4.1

Efni: Varðar fyrirhugaða uppbyggingu Laxárdalsvegur (59)

Með tölvupósto þann 14. Janúar sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matskyldu framkvæmda sem tengjast fyrirhugaðri uppbyggingu Laxárdalsvegur (59) á 18km kafla frá Hólkotsá að vegamótum við Innstrandarveg (68) í Hrútafirði. Meginmarkið framkvæmdarinnar er að bæta umferðaröryggi. Fyrirhugaðar framkvæmdirnar verða í nágrenni við Laxá í Dölum, Hólkotsá (hálfbogaræsi) og Laxá í Hrútafirði.

Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að fyrirhugaðar framkvæmdir komi ekki til með að raska Laxá og bökkum hennar. Fram kemur einnig að farvegur Hólkotsár undir fyrirhugað hálfbogaræsi verði áfram náttúrulegur og engin hindrun verður á fari fiska um svæðið, hvorki seiða né fullorðinna fiska.

Í fyrirspurn um matskyldu er það mat Vegagerðarinnar að ekki sé talin ástæða til að ætla að framkvæmdirnar hafa mikil áhrif á lífríki umræddra áa þar sem Vegagerðin mun hvorki raska ánum né bökkum þeirra.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, með tilliti til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki í vatni eða fiskstofna.

Virðingarfyllst,

Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson

Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Reykjavík 9. febrúar 2022  
MÍ202202-0041/ 6.07 / K.M.

## Efni: Laxárdalsvegur (59) í Dalabyggð og Húnaþingi vestra.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 14. jan. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Í skýrslu Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin áformar að endurbyggja Laxárdalsveg (59) á um 18 km kafla frá Hólkotsá að vegamótum við Innstrandaveg (68) í Hrutafirði. Vegurinn verður endurbyggður í vegstæði núverandi vegar. Núverandi vegstæði er 12 m breitt en nýtt vegstæði endurbyggðs vegar verður 30 m breitt. Veglína vegarins mun fylgja núverandi veglínu. Planlega vegarins verður því óbreytt þó svo hæðarlega breytist að einhverju leyti og blindhæðir verði teknar af.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.7 í skýrslu Vegagerðarinnar. Eins og þar kemur fram hefur lítið verið skráð af fornleifum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Til eru tvær skýrslur þar sem gerð er grein fyrir skráningu fornleifa vegna annarra framkvæmda á svæðinu. Svæðin sem þá voru skráð skarast einungis að mjög litlu leyti við fyrirhugað framkvæmdasvæði vegna endurbyggingar Laxárdalsvegar. Skýrslurnar sem um ræðir eru annars vegar skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá 2019, *Sólheimar í Dalabyggð, aðalskráning fornminja vegna vindorkugarðs*, og hins vegar skýrsla Náttúrustofu Vestfjarða frá 2015, *Fornleifakönnun vegna ljósleiðarahringtengingu Vestfjarða. Fyrri áfangi frá Hrutafirði til Hólmavíkur*.

Fulltrúi Vegagerðarinnar hafði samband við minjavörð Norðurlands vestra í undirbúningi verksins. Minjavörður Norðurlands vestra benti á að ekki hafi verið gerð fornleifaskráning þegar Laxárdalsvegur var lagður á þessu svæði á sínum tíma og að því séu takmarkaðar upplýsingar um hugsanlegar minjar í nágrenni hans. Minjavörður taldi að ekki væru mikið af minjum á svæðinu en að þó væru heimildir um vörður og


Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

gamlar leiðar víða á heiðinni. Minjavörður Norðurlands vestra taldi því nauðsynlegt að fornleifafræðingur yrði fenginn til að fara yfir þau svæði innan framkvæmdasvæðisins þar sem gera á breytingar á skeringum og fyllingum. Þá þyrfti fornleifafræðingur að skoða öll fyrirhuguð efnistökusvæði.

Í skýrslu Vegagerðarinnar segir að skráning svæðisins sé fyrirhuguð vorið 2022 og að niðurstöður hennar muni liggja fyrir áður en til framkvæmda kemur. Minjastofnun minnir á að gera þarf stofnuninni grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar. Minjastofnun mun í framhaldinu ákveða hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða vegna fornleifa og hverjar þær skuli vera.

Að því gefnu að fornleifar verði skráðar í vor á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og á efnistökusvæðum og að Minjastofnun gefist tækifæri til að bregðast við niðurstöðum skráningarinnar telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Þórdís Stella Erlingsdóttir ([thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. febrúar 2022  
Tilvísun: 202201-0048  
SS

**Efni: Umsögn um matskyldu framkvæmdar við Laxárdalsveg.**

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 14. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Vegagerðarinnar á uppbyggingu Laxárdalsvegar í Dalabyggð og Húnaþingi vestra eigi að fara í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn um framkvæmdina og telur að ekki sé ástæða til að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum. Þar vegur þyngst að endurbygging vegarins mun fara fram í vegstæði núverandi vegar. Vegstæðið mun þó rúmlega tvöfaldast að breidd þannig að framkvæmdinni fylgir nokkuð rask en það verður að öllu leyti í næsta nágrenni núverandi vegstæðis. Það á einnig við um ný efnistökusvæði en þau eru öll meðfram veginum.

Eins og fram kemur í tilkynningunni er framkvæmdin inni á mikilvægu fuglasvæði en Náttúrufræðistofnun telur að áhrifin verða líklega óveruleg þar sem núverandi veg er fylgt að mestu. Einnig er ólíklegt að áhrif á gróður verði veruleg þar sem vistgerðum hefur verið raskað af núverandi vegi en mjög mikilvægt er að frágangur á efnistökusvæðum verði þannig að ummerki um efnistöku verði lítil og tryggja þarf endurheimt gróðurþekju þar sem hún hefur verið fjarlægð. Þá ber að forðast allt óþarfa rask á framkvæmdasvæðinu einkum þar sem eru vistgerðir með hátt verndargildi, sér í lagi votlendisvistgerðir. Mest hætta er á að framkvæmdin geti haft neikvæð áhrif á lífríki straumvatna og tjarna nálægt framkvæmdasvæðinu og leggur Náttúrufræðistofnun áherslu á að leiðbeiningum Hafrannsóknarstofnunar sé fylgt að öllu leyti þannig að dregið sé úr hættu á mengunarslysum.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs  
Náttúrufræðistofnun Íslands



Skipulagsstofnun

[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Hvammstanga 24. febrúar 2022

Málsnr Hþv. 2201037

**Efni: Endurbygging Laxárdalsvegur (59) á um 18 km kafla frá Hólkotsá að vegamótum við Innstrandaveg (68) í Hrutafirði. Umsögn Húnaþings vestra vegna mats á umhverfisáhrifum.**

Skipulagsstofnun óskar með tölvupósti dags. 14. janúar 2022 eftir umsögn Húnaþings vestra vegna framkvæmdar við endurbyggingu Laxárdalsvegur skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Markmið með endurbyggingu er að bæta umferðaröryggi með breikkun og styrkingu vegar sem og setja á hann bundið slitlag. Sjónlínur aukast og verður vegur jafnari í landinu. Vegurinn verður endurbyggður í núverandi vegstæði og liggur fyrirhugað framkvæmdasvæði um Dönustaði, Pálssel, Sólheima í Dalabyggð og Laxárdal 3 (Inr. 142211), Kjörseyri (Inr. 142200) og Borðeyrabæ (Inr. 142178) (ekki Borðeyri eins og í gögnum Vegagerðarinnar) í Húnaþingi vestra. Fyrirhuguð endurbygging Laxárdalsvegur frá sveitarfélagamörkum við Dalabyggð, stöð 14.530, að Innstrandavegi í Hrutafirði, stöð 22.260, er í Húnaþingi vestra.

Heildarefnisþörf í framkvæmdina er áætluð um 200.000 m<sup>3</sup> af jarðefni. Gert er ráð fyrir að efni í fyllingar og fláafleyga, um 94.000 m<sup>3</sup>, komi úr skeringum í eða við vegsvæði, en það sem upp á vantar komi úr nýjum námum meðfram vegi. Námur sem um ræðir, og verða mögulega nýttar til efnistöku, og staðsettar eru í Húnaþingi vestra eru náma D, E, F, G og H skv. mynd 2.3, í teikn nr. B-31 dags. 07.10.21 frá Vegagerðinni. Náma H við Laugarholt er gömul náma sem gert er ráð fyrir að opna aftur og að nýtt verði styrktarlagsefni úr henni, um 30.000 m<sup>3</sup>. Auk efnistöku úr framangreindum námum er gert ráð fyrir að steinefni, um 2.000 m<sup>3</sup>, í bundið slitlag verði tekið úr Valdasteinsstaðanámu (Háumelar), sem er staðsett um 3,8 km sunnan vegamóta Laxárdalsvegur og Innstrandarvegur og er í aðalskipulagi. Í gögnum Vegagerðarinnar eru efnistökusvæðin gróflega afmörkuð og er mögulegt að þau breytist á framkvæmdatíma. Þá kemur fram að alls er óvíst að allar námurnar verði notaðar. Landnotkun á því svæði þar sem vegurinn liggur yfir Laxárdalsheiði er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Engin verndarsvæði eru á þeim hluta vegarins yfir Laxárdalsheiði sem skal endurbyggja.

### Umsögn Húnaþings vestra

Húnaþing vestra telur áform Vegagerðarinnar um framkvæmdir við uppbyggingu Laxárdalsvegur (59) falla að stefnu gildandi aðalskipulags Húnaþings vestra 2014-2026. Úr greinargerð aðalskipulags í kafla 3.4.1 *um vegi* kemur fram að markmið í vegagerð sé að stuðla að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar, sem og stuðla að bættum samgöngum innan sveitarfélags. Þar kemur einnig fram að stuðlað verði að bættum samgöngum innan sveitarfélags og við nágrannabyggðarlög. Þar er einnig vísað í svæðisbundna byggðaáætlun fyrir Húnaþing vestra, þar sem lagt er til að áherslur í úrbótum á tengivegum ættu að beinast að bættu yfirborðsefni og legu m.t.t. snjósofnunar. Í kafla 3.2.6 *um efnistöku- og efnislosunarsvæði*, sem sett er fram í aðalskipulagi, kemur fram að markmið sé að ávallt sé til nægt efni til framkvæmda en nýta á námur til vegagerðar eða viðhaldsverkefna á núverandi vegum.

Húnabing vestra telur miðað við eðli, staðsetningu og umfang framkvæmdarinnar við veginn, að teknu tilliti til 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, hafi hún ekki umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, heldur hafi jákvæð áhrif á samgöngur og stuðli að bættu umferðaröryggi.

Húnabing vestra telur framlögð gögn Vegagerðarinnar gera vel grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á.

Ekki er þörf á breytingu aðalskipulags vegna endurbyggingar Laxárdalsveggar. Enda er endurbygging í vegstæði núverandi vegar. Planlega vegar verður því óbreytt, þó svo hæðarlega breytist að einhverju leyti og blindhæðir teknar af.

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum sem eru á starfssviði Húnabings vestra:

- **Framkvæmdaaðili skal óska formlega eftir breytingu á aðalskipulagi Húnabings vestra**, til að bæta við námum inn á aðalskipulag, eftir að lokið verði við samninga við landeigendur vegna efnistöku. Í aðalskipulagsbreytingunni skal koma fram lýsing á námum, áætluð efnistaka, vinnslutími og frágangur eftir vinnslutíma.
- **Framkvæmdaaðili skal sækja um framkvæmdaleyfi fyrir efnisnámum**, áður en framkvæmdir hefjast í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Leyfið er ennfremur háð ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í umsókn skal gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu sem og vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði og yfirborðsefnum sem koma í veg fyrir fok á jarðefnum.
- **Framkvæmdaaðili skal jafnframt sækja um framkvæmdaleyfi fyrir uppbyggingu Laxárdalsveggar**, áður en framkvæmdir hefjast í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.



Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir  
Sveitarstjóri Húnabings vestra

